

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Borgartún 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. febrúar 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún. Í breytingunni felst í meginatriðum að heimilt verður niðurrif eldri frambyggingar á lóðinni og stækkun bílakjallara undir henni. Bundið er að nýbyggingin leggist í sömu línu að Borgartúni og sé hornskorin á horni Borgartúns og Nóatúns á 1. og 2. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skólavörðustígur 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. mars 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 16 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit 1. hæðar hússins í krika á baklóð, tala nýtingarhlutfalls er lagfærð og hlutfall A- og B-rýmis er betur skilgreint. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tunguháls 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 5 við Tunguháls. Í breytingunni felst að heimilað byggingarmagn ofanjarðar er aukið úr 0,7 í 1,1, byggingarreitur á norðvestur- og suðausturenda byggingar er stækkaður og bílastæðakröfum er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes, áfangi 1, Jöfursbás 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. mars 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufunes, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás. Í breytingunni felst fjölgun íbúða á lóð úr 130 í 137 og að bætt er við kvöð um aðkomu körfubíla slökkviliðs (neyðarbíla). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 30. mars 2020.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2020